

Nefndasvið Alþingis,  
Austurstræti 8-10,  
150 REYKJAVÍK.

Reykjavík, 21. febrúar 2017.


## Efni: Umsögn SA um tillögu til þingsályktunar um fjármálastefnu 2017-2022, mál nr. 66.

Fjárlaganefnd Alþingis hefur óskað eftir umsögn Samtaka atvinnulífsins um tillögu til þingsályktunar um fjármálastefnu fyrir árin 2017-2022.

Það er mat SA að áætlaður afgangur af rekstri hins opinbera sé engan veginn fullnægjandi. Samkvæmt tillögunni er gert ráð fyrir að afgangur verði á bilinu 1-1,6% af vergri landsframleiðslu. SA leggja ríka áherslu á að markmið um árlega afkomu hins opinbera verði að jafnaði 2% af vergri landsframleiðslu. Jafnframt að betri afkomu verði náð með lækkun útgjalda.

### Tekjuáætlunin byggir á bjartsýnisspá

Fjármálastefnan byggir á nýlegri þjóðhagsspá Hagstofu Íslands sem gerir ráð fyrir kröftugum hagvexti allt tímabilið. Ekki þarf mikið út af að bregða svo halli verði á rekstri ríkissjóðs. Á meðfylgjandi mynd kemur fram að 1% minni hagvöxtur færir rekstrarafgang í halla á síðari hluta tímabilsins.




Heimildir: Fjármálastefna 2017-2022, útreikningar efnahagssviðs SA

Ef hagvaxtarforsendur breytast til hins verra mun reynast erfitt að mæta tekjutapi hins opinbera sem því fylgir með auknum sköttum.

Ísland er háskattaland. Skattbyrði er með því mesta sem gerist meðal ríkja OECD og auknar skattálögur eru líklegar til að hafa þveröfug áhrif; draga úr einkaneyslu og fjárfestingu fyrirtækja og leiða til minni framleiðsluverðmæta en ella hefði orðið.

Heildarskatttekjur árið 2015, sem hlutfall af VLF  
Leiðrétt fyrir greiðslum til almannatrygginga<sup>1</sup>




<sup>1</sup> Árið 2014 fyrir Ástralíu, Japan og Pólland

## Verulegur skortur á aðhaldi í útgjöldum

Í uppsveiflu genginna ára hafa útgjöld hins opinbera aukist og eru nú með þeim hæstu innan OECD. Árið 2014 var 42 af hverjum 100 krónum sem urðu til í verðmætasköpun á Íslandi ráðstafað af hinu opinbera og síðan hefur lítið breyst. Er þar skemmt að minnst að við afgreiðslu fjárlaga 2017 hækkuðu útgjöld ríkissjóðs um 48,6 milljarða kr. sem er 7,3% hækkun á milli ára.

Heildarskatttekjur árið 2015, sem hlutfall af VLF  
Leiðrétt fyrir greiðslum til almannatrygginga<sup>1</sup>




<sup>1</sup> Árið 2014 fyrir Ástralíu, Japan og Pólland

Heimild: OECD

Það er verulegt áhyggjuefni að aðhald í ríkisrekstri fer minnkandi ár frá ári og í greinargerð með fjárlagafrumvarpi er ekki að finna neinar aðhaldsaðgerðir á yfirstandandi ári. Þetta er viðsjárverð þróun m.a. í ljósi þess að þegar vel gengur í þjóðarbúskapnum eru skatttekjur tiltölulega meiri og ýmis útgjöld, einkum til félagsmála, minni en ella.

Það er ekki síður áhyggjuefni að nú þegar tekjur og útgjöld hins opinbera eru í hámarki og stjórnvöld telja brýna nauðsyn að auka enn frekar útgjöld til heilbrigðismála, menntamála og samgöngumála svo eitthvað sé nefnt. Í ljósi þessa er það enn frekar undrunarefni hve aðhaldsaðgerðir á útgjaldahlið eru léttvægar og ekki síður í ljósi þess að útgjöld ríkisins hafa á þessu hagvaxtarskeiði vaxið hraðar en á þensluárunum fyrir árið 2008.



Heimildir: Ríkisreikningar, útreikningar efnahagssviðs SA


### Betri nýting opinbers fjár

Hið opinbera er ekki eins viðbragðsfljótt og fyrirtæki á almennum markaði þegar tekjur dragast saman. Fyrir því liggja eðlilegar ástæður. Það má því gera ráð að töluverðan tíma taki að lækka ríkisútgjöld komi til tekjubrestur vegna minni hagvaxtar en gert er ráð fyrir í fjármálastefnunni. Það er því mikilvægt að í fjármálaáætlun sem unnin verður í framhaldi af stefnunni verði að finna viðbragðsáætlun með forgangsröðun útgjalda sem unnt verður að fara eftir komi til tekjusamdráttar.

Þá er ástæða til að skoða kosti sameininga og fjölbreytts rekstrarforms hjá hinu opinbera sem kemur ekki niður á aðgengi þeirra sem rétt eiga á þjónustu. Verulega skortir á að hið opinbera skilgreini þjónustu sem í boði er, t.d. á sviði heilbrigðis og menntunar og er einkarekstur mun minni á Íslandi en hjá mörgum nágrannaþjóðum t.a.m. í menntun. Í þeim tilvikum sem hið opinbera býður út


verkefni á almennum markaði eða gerir þjónustusamninga við einkaaðila liggur að baki skilgreining á viðkomandi verki eða þjónustu sem hið opinbera kaupir. Sambærilegar skilgreiningar vantar oftast þegar opinberir rekstraraðilar eiga í hlut. Með því að ráða hér bót á kunna að koma í ljós möguleikar til hagræðingar og til forgangsröðunar tiltekinnar þjónustu. Auðveldara verður fyrir hið opinbera að ná fram samkeppni milli stofnana og fyrirtækja um að veita viðkomandi þjónustu. Í flestum tilvikum má einu gilda fyrir hið opinbera eða þann sem nýtur þjónustunnar hvort það sé opinber aðili eða einkaaðili sem veitir þjónustuna svo fremi sem gæði og verð séu sambærileg. Þetta er fær leið til að nýta betur opinbert fé.

**Nemendur í einkareknum skólum**  
- hlutfall af heildarnemendafjölda (%)



### **Mikilvægt að greiða niður opinberar skuldir**


Opinberar skuldir eru miklar á Íslandi og þó áætlanir geri ráð fyrir að stöðugleikaframlag og arðgreiðslur renni til lækkunar skulda munu þær áfram verða meiri en á síðasta þensluskeiði.



Heimildir: Hagstofa Íslands, langtímaáætlun hins opinbera (vor 2016)

Ríkið er með um 480 milljarða króna bundna í bankakerfinu í dag. Gangi áætlanir stjórnvalda eftir um sölu á hlutum sínum í bönkunum utan minnihluta í Landsbankanum má áætla að árlegur vaxtasparnaður af því væri um 24 ma.kr. á núvirði. Er það álíka upphæð og áætlað framlag ríkisins til samgöngumála á yfirstandandi ári. SA hvetja stjórnvöld til að fylgja þessum áætlunum eftir.

### Árlegur vaxtasparnaður ríkisins í samhengi



Í fjármálastefnunni segir m.a.: „Öllu óreglulegu og einskiptis fjárstreymi í ríkissjóð verði varið til að hraða enn frekar niðurgreiðslu skulda eða til lækkunar á ófjármögnuðum lífeyrisskuldbindingum í því skyni að treysta fjárhagsstöðu ríkissjóðs og draga úr vaxtakostnaði“. Samtök atvinnulífsins fagna þessari stefnumörkun sem er mun fýsilegri en að veita einskiptis fjármunum til aukinna ríkisútgjalda.

F.h. Samtaka atvinnulífsins



Halldór Benjamín Þorbergsson, framkvæmdastjóri